

Aðalfundur FÍN

Borgartúni 27, Reykjavík, 27. mars 2025, kl. 17:00

20 gestir á staðfundi og 9 gestir í fjarfundi í gegnum Teams-fjarfundarbúnað.

Fundargerð:

Þorkell Heiðarsson (ÞH), starfandi formaður FÍN setti fund kl. 17:07.

Gerð var tillaga um að Runólfur Vigfússon tæki að sér fundarstjórn, Siggeir Fannar Ævarsson verði fundarstjóra til aðstoðar vegna rafræns fjarfundarhluta og að Stella Hrönn Jóhannsdóttir tæki að sér að rita fundargerð. Samþykkt með lófataki.

Fundarstjóri tók til starfa og staðfesti réttmæti fundarins. Hann fór jafnframt yfir leikreglur vegna fjarfundar og hvernig staðið yrði að kosningum.

Gengið var til dagskrár:

1. Skýrsla stjórnar.

Starfandi formaður FÍN (ÞH) flutti gestum aðalfundar kveðju frá Maríönnu H. Helgadóttur, formanni FÍN, en hún er sem stendur í námsleyfi.

ÞH stiklaði á stóru um viðfangsefni félagsins og niðurstöðu kjaraviðræðna síðast liðið ár. Skýrsla stjórnar er í fylgiskjali með fundargerð.

ÞH þakkaði stjórnar- og nefndarmönnum fyrir störf sín sem og starfsmönnum á skrifstofu FÍN.

Mælendaskrá opnuð.

Spurt var hvort og þá hvar sé hægt að finna þau markmið sem unnið er eftir vegna kjarasamningsviðræðna við SA. Jafnframt var óskað eftir að FÍN komi í vinnustaðaaheimsókn á vinnustað fyrirspyrjanda og taki samtalið um kjaraviðræður á almenna markaðinum. Runólfur Vigfússon upplýsti um helstu áherslumál sem eru m.a. orlof, launaliður, greiðslur í starfsmenntasjóð og vísindasjóður, veikindaréttur, fyrirtækjasamingar, mæðravernd og fjöldi trúnaðarmanna. Þorkell Heiðarsson, starfandi formaður, lagði áherslu á að gerð kjarasamnings við SA væri forgangsatriði. Margrét Geirsdóttir, gjaldkeri FÍN, benti á að FÍN gæti haft meira frumkvæði að því að koma á vinnustaðafundum frekar en að bíða eftir því að félagsmenn óski eftir því.

Mælendaskrá lokað.

2. Ársreikningar FÍN og kjaradeilusjóðs.

a) Margrét Geirsdóttir (MG), gjaldkeri FÍN, fór yfir endurskoðaðan ársreikning FÍN.

Rekstrartap félagsins var tæp hálf milljón króna. Eigið fé félagsins var í lok árs samtals um 238,6 milljónir.

Mælendaskrá opnuð. Engin tók til máls og mælendaskrá því lokað.

Kosið var um samþykkt ársreikning FÍN. Ársreikningur FÍN samþykktur með handauppréttingu, 17 í sal og 4 á Teams. Enginn var á móti.

b) MG fór yfir endurskoðaðan ársreikning kjaradeilusjóðs.

Ekki hefur verið greitt í kjaradeilusjóð í fjölda ára og er því aðeins um ávöxtun fjármuna sjóðsins að ræða. Hagnaður sjóðsins var 27,5 milljónir á árinu en eignir sjóðsins í árslok eru um 426 milljónir.

Mælendaskrá opnuð.

Spurt hvar hvort það þyrfti langan tíma til að losa fjármuni úr kjaradeilusjóðnum. ÞH upplýsti að það væri misjafnt eftir í hvaða verðbréfasjóðum fjármunir sjóðsins væru ávaxtaðir og hvernig aðgengi að þeim væri háttað. Hluta væri hægt að nálgast með skömmum fyrirvara en lengri fyrirvara þyrfti í aðra sjóði.

Spurt var hvað ráði stærð sjóðsins. ÞH upplýsti um að það væri í sjálfu sér ekkert sem takmarkaði stærð sjóðsins, hvorki hvað varðar lágmark eða hámark, en það væri vert að stjórn sjóðsins og stjórn FÍN myndi setja slík mörk sem og að skýra markmið félagsins með því að geyma þessa fjármuni og hvaða hagsmuni sjóðnum er ætlað að verja, en óheimilt er að veita fjármunum úr sjóðnum til annars en að styðja félagsmenn í verkfallsaðgerðum.

Mælendaskrá lokað.

Kosið var um samþykkt ársreikning kjaradeilusjóðs. Ársreikningur kjaradeilusjóðs FÍN samþykktur með handauppréttingu, 19 í sal og 4 á Teams. Enginn var á móti.

3. Lagabreytingar.

Stjórn FÍN lagði fram tillögur um breytingar á ákvæðum 1. og 2. gr. laga félagsins. Starfandi formaður FÍN gerði grein fyrir lagabreytingatillögunum og hvað lá til grundvallar þeim.

a) Tillaga 1:

VAR

2. gr. Hlutverk

Félagið er stéttarfélag og vill ávallt vera fyrsti valkostur háskólamenntaðra einstaklinga. Hlutverk þess er: [...]

VERÐUR:

2. gr. Hlutverk

Félagið er fag- og stéttarfélag og vill ávallt vera fyrsti valkostur háskólamenntaðra einstaklinga.

Hlutverk þess er:

- a. Að standa vörð um og vinna að bættum kjörum og kjarasamningsbundnum réttindum félagsfólks óháð uppruna þeirra.

- b. Að gera kjarasamning fyrir félagsfólk sitt, hvort heldur er á almennum markaði eða hjá hinu opinbera.
- c. Að tryggja aðgengi félagsfólks að upplýsingum um réttindi og kjör sín og aðra hagsmuni sem tengjast félaginu.
- d. Að vinna að því að bæta réttarstöðu sjálfstætt starfandi sérfræðinga og efla samkeppnishæfni þeirra.
- e. Að stuðla að samvinnu, samheldni og góðri fagþekkingu félagsfólks í gegnum fagfélög þess og að kynna fyrir almenningi mikilvægi starfa félagsfólks.
- f. Að kynna félagið fyrir verðandi/mögulegu félagsfólki og vinna að tengslum við hagsmunafélög.
- g. Að stuðla að og standa vörð um öflugt sjóðakerfi fyrir félagsfólk þvert á markaði.
- h. Að stuðla að sterku trúnaðarmannakerfi á vinnustöðum og miðla fræðslu til félagsfólks.

Mælendaskrá opnuð.

Spurt var hver hugsunin er á bakvið það að skilgreina félagið einnig sem fagfélag þar sem búið er að opna á að fleiri háskólamenntaðir en náttúrufræðingar geti átt aðild að félaginu. ÞH upplýsti að hugmyndin væri að FÍN gæti stutt við fagfélög sem rekin eru á eigin forsendum, m.a. með fjárstyrkjum, aðstöðu til að halda fundi o.fl. til að halda grasrótarstarfsinu virku. Það verði því ekki um eitt fagfélag að ræða heldur fagfélög einstakra hópa innan félagsmanna FÍN, en FÍN gegni hlutverki regnhlífar fyrir þá hópa og veiti þeim þjónustu.

Spurt var hvers vegna það skipti máli að skilgreina félagið sem fagfélag. RV útskýrði að ef félagið er fagfélag þá verður samningsstaða FÍN sterkari þar sem ekki aðrir megj semja um þau störf í kjarasamningsviðræðum. Án þessarar setningar í lögum félagsins er ekki hægt þrátt fyrir fjölbreyttan starfsvettvang félagsmanna.

Spurt var hvort þetta væri það eina sem þarf að breyta í lögnum til að félagið verði fagfélag. ÞH upplýsti að þess þyrfti ekki, en það er samt ekki loku fyrir það skotið að það þurfi að endurskoða lög félagsins síðar þegar reynsla er komin á hlutverkið.

Mælendaskrá lokað.

Lagabreytingatillaga er varðar 2. gr. var borin upp til samþykktar. Samþykkt með handauppréttingu, 19 í sal og 5 á Teams. Enginn á móti.

b) Tillaga 2:

VAR:

1. gr. Almennt

Félagið heitir Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og á ensku The Union of Natural Scientists in Iceland. Félagssvæði þess er landið allt. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

VERÐUR:

1. gr. Almennt

Félagið heitir FÍN – Félag íslenskra náttúrfræðinga og á ensku FÍN - The Union of Natural Scientists in Iceland. Nafn félagsins er tvískipt og er heimilt að nota annað nafnið eða bæði eftir þörfum hverju sinni. Félagssvæði þess er landið allt. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

Mælendaskrá opnuð. Enginn kvaddi sér hljóðs og mælendaskrá lokað.

Lagabreytingatillaga er varðar 1. gr. ar borin upp til samþykktar. Samþykkt með handauppréttingu, 20 í sal og 5 á Teams. Enginn á móti.

Lög FÍN voru borin upp til samþykktar í heild sinni með áorðnum breytingum. Samþykkt með handauppréttingu, 19 í sal og 5 á Teams. Enginn var á móti.

4. Ákvörðun um félagsgjöld.

Stjórn FÍN gerir tillögu um óbreytt félagsgjöld, þ.e. 0,65% af heildarlaunum.

Mælendaskrá opnuð. Enginn kvaddi sér hljóðs og mælendaskrá lokað.

Tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjöld borin upp til samþykktar. Samþykkt með handauppréttingu, 19 í sal og 4 á Teams.

5. Stjórnarkjör.

a) Í kjöri til 2ja ára:

Varaformaður FÍN:

- Þorkell Heiðarsson, Reykjavíkurborg

Meðstjórn (8):

- Berglind Sigurðardóttir, Skipulagsstofnun
- Bragi Bergsson, Reykjavíkurborg
- Jón Már Halldórsson, HMS
- Margrét Geirsdóttir, Matís
- Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Una Bjarnadóttir, Alvotec
- Sigrún Laufey Sigurðardóttir, Landspítali
- Páll Sigurðsson, Land og skógur.

Sjálfkjörið er í öll ofangreind embætti.

Fráfarandi stjórnarmaður er Kristín Hermannsdóttir og er henni þakkað fyrir sín störf.

6. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.

Í kjöri til 2ja ára:

Aðalmaður:

- Helena Gylfadóttir, Reykjavíkurborg
- Friðþjófur Árnason, Hafrannsóknarstofnun

Sjálfkjörið er í ofangreind embætti.

7. Kosning í stjórn siðanefndar.

Í kjöri til 2ja ára:

Aðalmenn:

- Kristín Hermannsdóttir, Veðurstofa Íslands
- Þórólfur Jónsson, Reykjavíkurborg

Varamaður:

- Hildur Inga Sveinsdóttir, Matís

Sjálfkjörið er í ofangreind embætti.

8. Önnur mál.

a) Ályktun um nefnd um endurskoðun á lögum FÍN

Svava S. Steinarsdóttir las upp drög að ályktun aðalfundar um skipun nefndar til endurskoðunar laga FÍN í heild sinni ásamt greinargerð.

Nefnd ályktun hljóðar svo:

Aðalfundur FÍN, haldinn 27. mars 2025, felur stjórn FÍN að skipa laganefnd FÍN. Nefndina munu skipa þrír til þess bærir aðilar og verkefni nefndarinnar er að uppfæra lög FÍN þannig að til verði heildstæð lög sem falli vel að kröfum tækni- og nútímasamfélags. Nefndinni verður heimilt að sækja sér utanaðkomandi ráðgjöf (að fenginni heimild framkvæmdastjórnar FÍN). Nefndin skal ljúka störfum á aðalfundi FÍN árið 2026, þar sem breytingatillögur verða lagðar fram til staðfestingar aðalfundarins. Nefndin verður lögð niður að loknum aðalfundi 2026 verði ekki annað ákveðið á sama aðalfundi.

Mælendaskrá opnuð.

Spurt var hvort tillaga formanns sem kynnt var í janúarfréttabréfi FÍN væri kveikjan að þessari ályktuninni. SSS upplýsi að svo væri að hluta til, en einnig þyrfti að uppfæra ýmis ákvæði s.s. um rafrænar kosningar o.fl. sem þarf að færa til nútímans auk þess sem núverandi lög bera einkenni bútasams sem ekki er heppilegt.

Spurt var hvort tillaga að breyttum lögum FÍN verði borin upp til samþykktar í heild sinni á næsta aðalfundi. SSS upplýsti að svo yrði.

Spurt var hver skipar í lagabreytinganefndina. SSS upplýsti um að það væri stjórn FÍN.

Mælenda skrá lokað.

Ályktun aðalfundar var borin upp til samþykktar. Samþykkt með handauppréttingu, 19 í sal og 6 á Teams. Enginn var á móti.

b) Ályktun um endurskoðun siðareglna FÍN

ÞH mælti fyrir drögum að ályktun aðalfundar FÍN um endurskoðun siðareglna FÍN.

Nefnd ályktun hljóðar svo:

Aðalfundur FÍN – Félags íslenskra náttúrufræðinga, samþykkir að fela nýkjörinni siðanefnd FÍN það verkefni að yfirfara og koma með tillögur að nauðsynlegum uppfærslum á reglum siðanefndarinnar. Við vinnu sína er nefndinni heimilt að leita fanga eftir þörfum hjá utanaðkomandi aðilum s.s. siðfræðistofnum HÍ. Slíkt skal þó gert í samráði við framkvæmdastjóra FÍN sé fyrirsjáanlegt að stofna þurfi til kostnaðar vegna þess. Nefndin leggi fram tillögu að uppfærðum siðareglum fyrir aðalfund FÍN 2016.

Mælendaskrá opnuð.

Anna Berg Samúelsdóttir, stjórnarmaður og aðalmaður í siðanefnd FÍN, fór yfir það hvers vegna henni þykir nauðsynlegt að siðareglur FÍN verði endurskoðaðar og fagnar ályktuninni.

Mælendaskrá lokað.

Ályktun aðalfundar um endurskoðun siðareglna FÍN var borin upp til samþykktar. Samþykkt með handauppréttingu, 16 í sal og 5 á Teams. Enginn var á móti.

c) Ályktun um skipun afmælisnefndar til að minnast 70 ára afmælis félagsins á árinu

ÞH mælti fyrir drögum að ályktun um skipun afmælisnefndar til að minnast 70 ára afmælis félagsins á árinu.

Nefnd ályktun hljóðar svo:

Aðalfundur FÍN – Félags íslenskra náttúrufræðinga, samþykkir að stofnuð verði sérstök afmælisnefnd til þess að halda upp á 70 ára afmæli félagsins og að viðburður verði skipulagður í ár því tengt. Nefndin verði skipuð að stjórn félagsins og vinni með henni og framkvæmdastjórn að skipulagningu viðburða til þess að minnast þessara tímamóta.

Mælendaskrá opnuð.

Heiðrún Eiríksdóttir fagnaði framkominni ályktun.

Mælendaskrá lokað.

Ályktun aðalfundar um skipun afmælisnefndar til að minnast 70 ára afmælis FÍN var borin upp til samþykktar. Samþykkt með handauppréttingu, 20 í sal og 6 á Teams. Enginn var á móti.

Á fjarfundi kom fram tillaga að umræðu um launakjör formanns sem rituð var í "spjalli" fjarfundar. Sá sem bar fram tillöguna gat hvorki komið fram í mynd né hljóði auk þess sem starfsmenn fundarins gátu ekki staðfest að viðkomandi væri fullgildur félagi í FÍN með tillögurétt og málfrelsi á aðalfundi félagsins 2025. Með vísan til þess taldi fundarstjóri að tillagan væri ekki tæk til umfjöllunar og var hún því ekki lögð fyrir fundinn.

Dagskrárlið lokað.

Fundarstjóri þakkaði fyrir mjög góðan fund og afhenti fundarstjórn til formanns.

Starfandi formaður FÍN þakkaði starfsmönnum fundarins fyrir þeirra framlag og fundarmönnum fyrir góðar umræður á fundinum.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 19:28.